

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um barnavernd.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar tilkynningar bárust barnaverndarnefndum árið 2003 um slæman eða ónógan aðbúnað barna, sundurliðað eftir umdæmum nefndanna?*
2. *Hvaðan bárust tilkynningar, frá lögreglu, sjúkrahúsum, skólum o.s.frv.?*
3. *Hverjar eru tilgreindar orsakir tilkynninganna, áhættuhegðun, vanræksla, ofbeldi o.s.frv.?*
4. *Hvert er algengasta vinnuferlið sem sett er í gang þegar tilkynning berst?*
5. *Hvaða barnaverndarnefndir eru með bakvaktir vegna barnaverndarmála?*

Spurt um tölur frá árinu 2003 en þær liggja ekki fyrir. Barnaverndarnefndir eiga að skila upplýsingum um störf sín árið 2003 til Barnaverndarstofu fyrir 1. júní nk. og verður árs-skýrsla unnin upp úr þeim. Nú liggur fyrir ársskýrsla Barnaverndarstofu fyrir árið 2002 sem send hefur verið öllum alþingismönnum. Upplýsingar sem hér verða gefnar eru því frá árinu 2002.

Á árinu bárust barnaverndarnefndum alls 4.665 tilkynningar, frá eftirtöldum:

Tilkynningar.

| | |
|---|-------|
| Lögregla | 2.370 |
| Skóli, sérfræðiþjónusta skóla, fræðslu- eða skólaskrifstofa | 394 |
| Leikskóli, gæsluforeldri | 63 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 258 |
| Önnur félagsmálastofnun/barnaverndarnefndir | 150 |
| Borgarhlutaskrifstofa Félagsþjónustu Reykjavíkur | 119 |
| Foreldrar | 508 |
| Ættingjar | 221 |
| Barnið sjálft | 41 |
| Nágrannar | 395 |
| Aðrir | 146 |

Orsakir tilkynninga.

| | |
|--|-------|
| Grunur um vanrækslu barns | 726 |
| Grunur um að barn sé beitt andlegu ofbeldi | 93 |
| Grunur um að barn sé beitt líkamlegu ofbeldi | 177 |
| Grunur um að barn sé beitt kynferðislegu ofbeldi | 240 |
| Grunur um áfengis-/vímuefnaneyslu foreldra | 582 |
| Grunur um neyslu barns á áfengi eða vímuefnum | 441 |
| Grunur um afbrot barns | 1.440 |
| Hegðunarerfiðleikar/tengslaröskun barns | 211 |
| Heilsa eða líf ófædds barns í hættu | 58 |
| Annað | 727 |

Fái barnaverndarnefnd rökstuddan grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum framferðis, vanrækslu eða vanhæfni foreldra eða að barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni, er nefndinni skylt að kanna málið án tafar. Nefndin skal hafa það að markmiði að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns sem í hlut á og getur í því skyni leitað aðstoðar sérfræðinga. Foreldrum er gerð grein fyrir því að tilkynning hafi borist og að könnun sé að hefjast. Algengast er að byrjað sé að ræða við foreldra og barnið sjálft hafi það aldur og þroska til. Árið 2002 var leitað eftir upplýsingum hjá barninu sjálfu í 21% tilvika. Í framhaldi af því er leitast við að afla nánari upplýsinga hjá þeim sem þekkja barnið og aðstæður þess. Þegar könnun lýkur er samin greinargerð þar sem ástæða afskipta er tilgreind ásamt niðurstöðum könnunar og tillögum að stuðningi við barnið og/eða fjölskylduna þegar það á við. Að öðru leyti vísast til fyrrnefndrar ársskýrslu Barnaverndarstofu fyrir árið 2002.

Hinn 1. febrúar sl. hófst samstarf Neyðarlínunnar og Barnaverndarstofu um móttöku tilkynninga, sem þýðir að frá þeim tíma hafa allar barnaverndarnefndir bakvakt og sama símanúmer.

Neyðarlínan tekur nú við tilkynningum til allra barnaverndarnefnda á landinu allan sólahringinn. Í þeim tilvikum sem um er að ræða tilkynningar sem ekki varða neyðartilvik eru upplýsingar sendar viðkomandi nefnd strax eða næsta vinnudag, berist hún utan almenns skrifstofutíma. Ef um neyðartilvik er að ræða sem krefst aðgerða strax hefur Neyðarlínan tafarlaust samband við viðkomandi nefnd sem þá gerir nauðsynlegar ráðstafanir.